

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um bústofn til eignar í skattframtali 2021.

Eignamat í árslok.

Samkvæmt 2. tl. 73. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal telja búpening til eignar með verði er ríkisskattstjóri ákveður til eins árs í senn. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 213/2001, um skatta-lega meðferð á bústofnsbreytingu og kaupverði lífdýra í landbúnaði, skal færa bústofn allan í árs- byrjun á bústofnsskýrslu með því verði sem ríkisskattstjóri ákveður sbr. framangreint.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið eftirfarandi mat á búpeningi í árslok 2020, álagningarárið 2021, vegna bústofnsskýrslu fyrir það álagningarár:

	kr.
Mjólkurkýr	130.000
Holdakýr og naut	140.000
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri	130.000
Geldneyti	75.000
Kálfar, yngri en 1/2 árs	13.000
Ær og sauðir	6.000
Hrútar	16.000
Gemlingar	9.000
Geitur	9.000
Hross á 14. vetri og eldri	18.000
Hross á 5. – 13. vetri	36.000
Fulltamin reiðhross á 5. – 13. vetri	170.000
Önnur nýtanleg reiðhross	90.000
Verðlaunahross á 5. – 13. vetri	250.000
Kynbótahestar á 5. – 13. vetri	350.000
Verðlaunaðir kynbótahestar á 5. – 13. vetri	450.000
Tryppi á 2. – 4. vetri	12.300
Fölöld	8.700
Hænsni, eldri en 6 mánaða	940
Varphænsni 6 mánaða og yngri	635
Kjúklingar	250
Endur	870
Gæsir	1.740
Kalkúnar	2.610
Gyltur	39.000
Geltir	58.000
Grísir	11.000
Kanínur	5.000
Minkar: Karldýr	4.500
Kvendýr	3.000
Önnur ótilgreind dýr nýtt í rekstri	0

Reykjavík, 4. desember 2020.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.